

Hlíf Sigurjónsdóttir lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Björns Ólafssonar konsertmeistara. Hún stundaði framhaldsnám við háskólana í Indiana og Toronto og við Listaskólann í Banff og sótti síðan tíma hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York. Hún hefur leikið í hljómsveitum hérlendis og erlendis, tekið þátt í ýmsum kammerflutningi og haldið einleikstónleika, þ.á.m. "debut" tónleika í New York vorið 2001.

Sigurlaug Eðvaldsdóttir nam fiðluleik við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Guðnýju Guðmundsdóttur og síðar hjá Ani Kavafian í Manhattan School of Music í New York. Frá haustinu 1994 hefur Sigurlaug starfað í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún er einnig félagi í ýmsum tónlistarhópum eins og Kammersveit Reykjavíkur, Caput og Camerartica.

Örnólfur Kristjánsson nam við Tónlistarskólann í Reykjavík undir handleiðslu Gunnars Kvaran og síðar við Mannes College of Music í New York. Hann hefur haldið einleikstónleika hérlendis og í Danmörku, leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands og ýmsum kammerhópum og verið leiðandi sellóleikari í Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Örnólfur kennir nú við Tónskóla Sigursveins og Suzukiskólann.

Þórir Jóhannsson lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og síðar Post Graduate Diploma frá The Royal Northern College of Music í Manchester. Hann lék með Sinfóníuhljómsveit Íslands í tvö ár og starfaði í Danmörku í fjögur ár við kennslu og var lausráðinn við nokkrar helstu hljómsveitir beggja vegna Eyrarsundsins. Þórir flutti aftur til Íslands haustið 2000 og er nú fastráðinn við Sinfóníuhljómsveit Íslands og kennir í Tónlistarskóla Kópavogs.

Tónleikar í Hveragerðiskirkju

laugardaginn 7. febrúar 2004 kl. 17

STRENGJAKVARTETT

Hlíf Sigurjónsdóttir, fiðla
Sigurlaug Eðvaldsdóttir, fiðla
Örnólfur Kristjánsson, selló
Þórir Jóhannsson, kontrabassi

Tónleikar þessir eru samstarfsverkefni
Félags Íslenskra tónlistarmanna og
Tónlistarfélags Hveragerðis og Ölfuss
og jafnframt áskriftartónleikar THÖ.

Efnisskráin gildir sem aðgöngumiði.

Eitt af bernskubrekum **Cioachino Antonio Rossini** var að semja sex strengjasónötur þá aðeins tólf ára gamall þegar fjölskyldan dvaldi í sumarbústað hjá fjölskylduvininum Agostino Triossi, stöndugum sölumanni. Sá spilaði á kontrabassa og kaus Rossini þá sérstæðu hljóðfæraskipan tvær fiðlur, selló og kontrabassa. Þetta er sannkölluð skemmtitónlist og unun á að hlýða. Þessar sönötur eru ýmist fluttar af strengjasveit eða eins og í þessu tilfelli sem kvartett. Dúó fyrir selló og kontrabassa samdi Rossini fyrir sir David Salomons sem lék á selló og Domenico Dragonetti mesta kontrabassasnílling þess tíma. Það fer heldur ekki á milli mála þar sem hlutverk bassans er mjög krefjandi. Eins og með sönöturnar er dúóið létt og leikandi, alveg í anda Rossini.

Reinhold Gliere fæddist í Kiev 1875. Hann lærði tónsmíðar í konservatoríinu í Moskvu en átti sjálfur eftir að kenna tónskáldum eins og Prokofiev og Khachaturian. Eftir hann liggja meira en hundrað verk m.a. þrjár sínfóníur, sex óperur, hljómsveitarverk ýmis konar o.fl. Hann samdi líka þrjú verk fyrir kontrabassa og píanó sem eru í miklum metum hjá bassaleikurum í dag. Verkið á efnisskránni er upphaflega samið fyrir selló og fiðlu í átta köflum. Frank Proto hefur tekið fimm kafla og umskrifað þá fyrir fiðlu og kontrabassa.

Sergei Prokofiev fæddist í Sontsovka í Úkraínu þann 23. apríl 1891. Hann er talinn eitt hinna merkustu tónskálda síðustu aldar. Auk þess að vera mjög fjölhæft tónskáld, en hann samdi sínfóníur, konserta, kvikmyndatónlist, óperur, ballettónlist og styttri verk, var hann verðlaunaður píanisti og hljómsveitarstjóri. Hann nam við tónlistarskólann í St. Pétursborg 1904 til 1914. Hann ferðaðist mikið, bjó um tíma í London og París. Einnig fór hann ekki færri en 5 tónleikaferðir til Bandaríkjanna (sem píanóleikari og hljómsveitarstjóri). Árið 1936 sneri hann heim til Rússlands alkominn og lést í Moskvu 1953. Árið 1930 fór Prokofiev í sína fjórðu tónleikaferð til Bandaríkjanna (í þá daga voru þetta margra mánaða tónleikaferðir). 1931 samdi hann sinn fyrri fiðlukonsert sem var frumfluttur í París. Það er greinilegt í þessu verki að hann er vel heima í tæknimöguleikum fiðlunnar.

Efnisskrá

Gioachino Rossini

Sónata No.1 í G dúr fyrir strengi

Moderato

Andantino

Allegro

Reinhold Gliere

Svíta fyrir fiðlu og kontrabassa

Prelude

Gavotte

Cradle Song

Intermezzo

Scherzo

Sergei Prokofiev

Sónata fyrir tvær fiðlur op. 56

Andante cantabile

Allegro

H I É

Gioachino Rossini

Dúó fyrir selló og kontrabassa

Gioachino Rossini

Sónata No.2 í A dúr fyrir strengi

Allegro

Andantino

Allegro